

# Drauma samráðið okkar

---

Haukur Guðmundsson – formaður Átaks

# Félagið Átak

- Í stjórn félagsins situr einungis fólk með þroskahömlun
- Stjórnin hefur aðstoðarmanneskju í 50% starfi sem aðstoðar stjórnina og sér um rekstur
- Félagið er 30 ára, stofnað 20.september 1993
- Við þökkum Þroskaþjálfafélagi Íslands fyrir að bjóða okkur hingað í dag

# Landsáætlunarstarf

- Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks leggur mikla áherslu á samráð við fatlað fólk
- Í 4. gr. 3. mgr. segir:

“Við þróun og innleiðingu löggjafar og stefnu við innleiðingu samnings þessa og við annað ákvörðunartökuferli varðandi málefni fatlaðs fólks, skulu aðildarríkin hafa náið samráð við fatlað fólk og tryggja virka þátttöku þess, þar á meðal fatlaðra barna, með milligöngu samtaka sem koma fram fyrir þess hönd.”

# Þátttaka Átaks

- Tveir aðilar frá Átaki sátu í vinnuhópum
- Starfsmaður Átaks sat í sama vinnuhóp og einn þeirra
- Vilji til samráðs til staðar en það vantaði upp á undirbúninginn
  - Bæði undirbúning þessara félagsmanna og aðlögun verkefna í vinnunni sem átti sér stað

# Tækifæri til að læra

- Þetta getur verið tækifæri fyrir okkur öll til að læra
- Samningurinn leggur áherslu á samráð í öllum þeim málum sem varða fatlað fólk, nóg af tækifærum til að gera betur
- Stjórn Átaks ræddi saman um sitt drauma samráð
  - Hvað við þurfum til að líða vel og geta tekið þátt

# Skipulag

- Mikið af okkar félagsfólki er með stífa dagskrá, dagsetningar og tímamörk verða að vera liggja fyrir frá byrjun
- Ef fólk notar Ferðapjónustu fatlaðra þarf að sýna því tillit. Ekki í boði að breyta ferðum með stuttum fyrirvara
- Við hverju er búist? Það þarf að vera skýrt frá byrjun. Fá útskýringar áður en starf hefst

# Aðstoðarmanneskja

- Afar mikilvægt að hafa góða aðstoðarmanneskju sem hefur reynslu af starfi með fötluðu fólki
- Aðstoðarmanneskja verður að vera góð í að draga fram aðalatriði
- Trúnaður er afar mikilvægur, skapa rými fyrir spurningar
- Aðstoðarmanneskja þarf að sýna mildi og nota jákvætt orðalag



# Vinnan sjálf

- Hópurinn þarf að vinna eftir hæfni hvers og eins
- Kanna mismunandi tjáskiptaleiðir
- Ræða saman ef eitthvað fer illa
- Ekki ákveða fyrir okkur hvað við getum, hvatning frekar en hömlur



# Þátttaka í Átaki

- Heimasíða Átaks er [www.okkaratak.is](http://www.okkaratak.is)
- Finnið okkur á Facebook undir “Átak félag fólks með þroskahömlun”
- Hægt að senda póst á [atak@throskahjalp.is](mailto:atak@throskahjalp.is) til að skrá sig á póstlista félagsins
- Takk fyrir okkur!